

**Ed.**

**606. Nefndarálit**

[6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Hér er um að ræða enn eina skattahækkun fyrrv. vinstri stjórnar, sem núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að gilda skuli allt yfirstandandi ár. Á s. l. ári giltu þessi lög aðeins lítinn hluta ársins. Af þeim ástæðum þyngjast skattar verulega í ár vegna þessara laga.

2. minni hl. nefndarinnar er andstæður skattahækkunarflóði ríkisstjórnarinnar og leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. maí 1980.

Lárus Jónsson,  
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.